

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvörugeymslur,
sbr. reglugerð nr. 633 15. desember 1980 um breyting á henni.**

1. gr.

3. málsl. 35. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfishafa skv. 32. gr. er heimilt samkvæmt ákvæðum þessa kafla að selja vistir, útbúnað og annan forða úr forðageymslu sinni í innlend farartæki sem eru að staðaldri í utanlandsferðum og eru í eigu annarra aðila eða erlend farartæki sem hafa hér skamma viðdvöl, svo og að endurútflytja eða endursenda og ennfremur að tollafgreiða þaðan vörur til neyslu eða sölu innanlands, ef sérstaklega stendur á svo sem vegna hættu á skemmdum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 47 11. júní 1960 um tollvörugeymslur o. fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. apríl 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 191

25. mars 1983

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 334 16. nóvember 1973, um hámarks-
fjölda leigubifreiða á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þjóts.**

1. gr.

2. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við lágmarkstöluna 18. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Þjóts, bæjarstjórnar Akraness og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni, öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.